



Fundargerð.
Stjórnarfundur nr. 71.

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn á Ólafshúsi þriðjudaginn 8. maí 2015 kl: 16:30. Á fundinum voru Magnús Jónsson, Einar E. Einarsson og Jón Sigurðsson. Ólöf Jósepsdóttir áheyrnarfulltrúi var í símasambandi ásamt því að Fannar Viggósson sat fundinn.

Dagskrá

1. Fundargerðir
2. Úttekt og gassöfnun

1. Fundargerðir.

Lagðar fram til undirritunnar og samþykktar fundargerðir nr. 65, 66, 67, 68, 69 og 70. Fundargerðir undirritaðar og samþykktar.

2. Úttekt og gassöfnun.

Magnús og Fannar gerður grein fyrir nýaflokinni árlegri úttekt UST á svæðinu. Einnig er fyrstu gasmælingu lokið en hún gefur vísbendingar um að töluvert gas sé að myndast í urðunnarhólfinu. Unnið verður að frekari mælingum samkvæmt áætlun.

3. Bygging vélaskemmu.

Fyrir liggja ný drög að teikningu á vélaskemmu. Teikningin er unnin af Önnu Kristínu Hjartardóttir hjá Verkfræðistofu Eflu. Farið yfir teikninguna með Önnu í símasambandi. Lagðar til ákveðnar breytingar á hönnun og útliti og Önnu falið að fylgja þeim eftir en hún er hönnunarstjóri og arkitekt byggingarinnar. Ákveðið að bjóða út sér stálgrind og klæðningu með reisingu og síðan gerð sökkuls með öllum lögnum og frágangi. Önnu falið að koma stálgrind og klæðingu í útboð, klára teikningar og afstöðumynd. Stefn á að húsið verði tilbúið til notkunnar um miðjan október.

Fundi slitið kl. 18:00

Magnús Jónsson

Einar E Einarsson

Jón Sigurðsson